

# Fundargerð

## aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

### 4. október 2013

Haldinn föstudaginn 4. október 2013 kl. 13:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Kristinn Jónasson, formaður samtakanna, setti fundinn og lagði til að Ómar Már Jónsson yrði fundarstjóri og að Ingibjörg Hinriksdóttir, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, myndi rita fundargerð. Var það samþykkt með lófataki.

Gengið var til dagskrár.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Kristinn Jónasson fór yfir starfsemi samtakanna á árinu 2012-2013.

Ráðstefna um orkumál á Hornafirði. Kristinn sagði að ráðstefnan hafi verið ákaflega vel heppnuð og þar hafi verið margir fróðlegir fyrirlestrar. Gerði hann það að tillögu sinni að fyrirlestrarnir yrðu settir inná heimasíðu SSKS þannig að sem flestir gætu nýtt sér það sem þar kom fram.

Hann greindi m.a. frá viðræðum við ráðherra iðnaðarmála, Ragnheiði Elínu Árnadóttur, sem haldinn var 19. ágúst sl. og samningum um auknar fjárveitingar til niðurgreiðslu á raforku á sveitarfélaga á köldum svæðum. Á fundinum kom fram af hálfu ráðuneytisfólks að í skoðun sé að jafna flutningskostnað milli dreifbýlis og þéttbýlis þannig að dreifbýlið greiddi ekki hærra gjald en þekkest í þéttbýli.

Í framhaldi af fundinum samþykkti stjórn SSKS áskorun þar sem því er fagnað að ný ríkisstjórn ætli að beita sér fyrir því að jafna raforku- og húshitunarkostnað á landinu. Hvetur SSKS ríkisstjórnina til þess að hefja þá vinnu sem fyrst, þar sem nauðsynlegt er að tryggja að allir íbúar landsins beri sambærilegan kostnað við húshitun og orkukaup, sama hvar á landinu þeir búa.

Einnig var samþykkt að óska eftir öðrum fundi með ráðherra í september en ekki varð af þeim fundi, hins vegar hitti stjórnin ráðherra í gær, fimmtudaginn 3. október. Þá lá fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014 fyrir en þær tillögur sem þar koma fram voru mikil vonbrigði fyrir stjórn samtakanna. Á fundinum lýsti stjórnin vonbrigðum sínum með fjárveitingar í fjárlagafrumvarpi 2014 með ráðherra. Ragnheiður Elín sagði frá starfshópi sem þegar hefði tekið til starfa sem hefur það verkefni að koma með tillögur að jafna flutningskostnað í dreifbýli og þéttbýli. SSKS var boðið að vera formlegur aðili að þessum starfshópi og þáði stjórnin það.

Einnig var rætt um eingreiðslur til þeirra sveitarfélaga þar sem verið er að stofna hitaveitur, en komið hefur fyrir að eingreiðslur hafi komið sem raðgreiðslur, þ.e. ekki í einni greiðslu heldur mörgum. Ráðherra fól ráðuneytisfólki að skoða málið og koma með tillögur hvað þetta varðar því þarna liggja sameiginlegir hagsmunir þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að SSKS sem og þeirra sem sagt hafa sig úr samtökunum.

Kristinn hvatti fundarmenn að lokum til þess að setja pressu á alla þingmenn að koma í gegn lagafrumvarpi um Jöfnunarsjóð húshitunar.

Að lokum þakkaði Kristinn Hjaltá Þór Vignissyni, stjórnarmanni fyrir samstarfið, en hann er nú að víkja af vettvangi sveitarstjórnar.

## 2. Ársreikningur SSKS 2012

Kristinn fór yfir ársreikning samtakanna fyrir árið 2012. Árgjöld voru hækkuð og tekjur jukust í samræmi við það. Afkoma ársins var jákvæð um 705 þúsund. Eigið fé og skuldir eru samtals 1.115 þúsund.

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar né ársreikninginn og bar Ómar skýrslu stjórnar og ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

## 3. Kosning þriggja manna stjórnar og þriggja til vara

Ómar las upp tillögu um þriggja manna aðalstjórn:

- Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ
- Ómar Már Jónsson, Súðavíkurbreppi
- Páll Guðmundsson, Fjarðabyggð

Til vara:

- Ásthildur Sturludóttir Vesturbreppi,
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir Grundarfjarðarbæ og
- Guðmundur Ingi Ingason Skaftárbreppi

## 4. Umræður um orkumál og framtíðarstefnu samtakanna og önnur mál

### Úrsögn Sveitarfélagsins Skagastrandar úr samtökunum

Magnús B. Jónsson kvaddi sér hljóðs og skýrði frá því fagnaðarefni að hann og hans sveitarfélag, Sveitarfélagið Skagaströnd, myndi yfirgefa vettvang Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum. Sveitarfélagið Skagaströnd gerði samning við Blönduósveitur um aðgang að hitaveitu en þrátt fyrir góða samninga um fjárveitingar er sveitarfélagið nú mikið skuldsett vegna framkvæmda við hitaveituna og samning við RARIK vegna þess. Magnús sagði að áformað væri að heitt vatn færi að streyma um hús á Skagaströnd í nóvember.

Þá sagði Magnús frá því hvernig þetta hafi gengið fyrir sig á Skagaströnd og sagði fundarmönnum frá ýmsum vítum til að varast og því hvernig hægt væri að gera hlutina vel. Að lokum tilkynnti hann um úrsögn sveitarfélagsins frá áramótum að telja, þakkaði fyrir samstarfið á liðnum árum og óskaði samtökunum velfarnaðar í framtíðinni.

### Varmadæluverkefni í Skaftárbreppi

Guðmundur Ingi Ingason, oddviti Skaftárbrepps, sagði frá varmadæluverkefni í Skaftárbreppi. Settar voru upp varmadælu fyrir sundlaugina, skólann og íþróttahúsið eftir að sorpbrennslan sem verið hafði í sveitarfélaginu var lögð af. Þegar er búið að setja loft í loft varmadælu í félagsheimilið. Gríðarlegur sparnaður er af varmadæluverkefninu fyrir sveitarfélagið og gæti verkefnið jafnvel greitt sig upp á rúmu ári.

Brýning um að ekki ætti að láta tala við sig með þeim hætti sem fjármálaráðherra gerði við íbúa á köldum svæðum á fjármálaráðstefnunni í gær. Menn eiga að hætta að tala um niðurgreiðslur heldur um jöfnun húshitunarkostnaðar.

Skagatrönd, Strandabyggð, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Mýrdalshreppur, Dalabyggð, Skaftárhreppur, Langanesbyggð, Vopnafjarðarhreppur, Þingeyjarsveit, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstaður, Hornafirði, Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Flóahreppur, Súðavíkurreppur.

*Ómar Már sleit fundi kl. 14.10*